

Kaldrananeshreppur
Arwa Alfadhli
Holtagötu
520 Drangsnæs

Reykjavík, 8. september 2022
UST202207-210/A.B.
10.04.00

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulag Kaldrananeshrepps 2010 - 2030 og nýtt deiliskipulag – Ásmundarnes

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Kaldrananeshrepps er barst 20. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Kaldrananeshrepps 2010 - 2030 og nýju deiliskipulag fyrir Ásmundarnes.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að skilgreina 3,8 ha. frístundabyggð (FS11) og 5,3 ha. iðnaðarsvæði (I11) og minnkar landbúnaðarland sem því nemur. Í bæði tillögu að breytingu á aðalskipulagi og í deiliskipulagstillögunni kemur fram að á iðnaðarsvæðinu verði bleikjueldi þar sem affall muni fara í gegnum tromlufilter og settjörn. Í tillögu að breytingu á aðalskipulagi kemur fram að á iðnaðarsvæðinu verði eldi - að hámarki 40 tonna ársframleiðsla og að ferskvatnsneysla verði að meðaltali um 150 l/s. Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir sjö frístundahúsum á einum byggingareit og er hvert hús 45 m². Á iðnaðarsvæðinu verði heimilt að rífa gamla véla – og verkfærageymslu. Auk þess verður heimilt að reisa vélaskemmu allt að 150 m² og stækka klakskála að hámarki 500 m². Auk þess kemur fram að heimilt sé að rífa núverandi íbúðarhús og reisa allt að 200 m² hús á tveimur hæðum.

Forsendur – Lífmassi

Umhverfisstofnun vill benda sveitarfélaginu á að í starfsleyfisumsókn fyrirtækisins til stofnunarinnar er sótt um 45 tonna hámarkslífmassa, en einungis er talað um 40 tonna ársframleiðslu í tillögu að breytingu aðalskipulags. Auk þess vill stofnunin benda á að í báðum skipulagstillögunum er einungis talað um bleikjueldi, en í umsókn rekstraraðila er sótt um starfsleyfi vegna eldis á laxfiskum og samkvæmt henni áætlað rekstraraðili að byrja á eldi regnbogasilungs.

Allur atvinnurekstur sem sótt er um starfsleyfi fyrir skal vera í samræmi við skipulag samkvæmt skipulagslögum eða lögum um skipulag haf- og strandsvæða. Verði tillögurnar því samþykktar óbreyttar mun afgreiðsla stofnunarinnar á umsókn rekstraraðila verða í samræmi við gildandi skipulag og einungis heimila bleikjueldi þar sem ársframleiðsla verður takmörkuð við 40 tonn.

Úrgangur

Umhverfisstofnun bendir á að endurnýting er ofar en förgun í forgangsroðun meðhöndlunar úrgangs skv. 7. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Stofnunin bendir á mikilvægi þess að það komi fram hver stefna sveitafélagsins sé um meðhöndlun úrgangs sem fellur til á iðnaðarsvæðinu, t.d. fisk sem drepst á eldistímanum eða fastefni úr tromlusíum og settjörn.

Þessu tengt minnir stofnunin á að fastefnið sem síast úr hreinsikerfum frárennslis fiskeldisins er að mestu næringarefni köfnunarefnis og fosfórs í formi saurs fiska og fódurleifa. Umhverfisstofnun telur mikinn umhverfisávinning felast í því að minnka magn lífræns efnis í urðun og tekur fram að næringargildi efnisins er talsvert og því hentugt til endurnýtingar. Stofnunin hefur unnið leiðbeiningar¹ til aðila í fiskeldi á landi um endurnýtingarmöguleika fastefnis/sets úr frárennslis í stað þess að farga því með urðun.

Fráveita frá fiskeldi

Í greinargerð kemur fram að frárennslis frá eldi muni fara í gegnum tromlufilter og síðan í settjörn, sem er til samræmis við upplýsingar í umsókn rekstraraðila um starfsleyfi. Einnig kemur fram í tillögnum að í settjörnina, Ásmundarnestjörn, hafi eldisfiski verið sleppt hér áður fyrr.

Að mati Umhverfisstofnunar er ekki hægt að skilgreina tjörnina sem settjörn, í skipulaginu, ef enn er í henni lifandi fiskur og efni nær ekki að falla til botns.

Umhverfisstofnun bendir á að slepping kynbætts eldisfisks er óheimil skv. 1.mgr. 19. gr. laga nr. 71/2008 lög um fiskeldi.

Fráveita frístundabyggð

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að þar sem talað er almennt um hreinsun fráveituvatns, s.s. frá frístundasvæðum, ætti frekar að nota orðið fráveita í stað rotþróar þar sem rotþró er aðeins einn hluti hreinsunar og er ekki nægjanleg sem hreinsun frá einstaka húsum. Þá ætti að tala um rotþró og siturlögn eða það sem betra er hreinsivirki, sem nær yfir allan búnað til hreinsunar á skólpi.

Starfsleyfi

Stofnunin bendir á að skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur, sem sótt er um starfsleyfi fyrir, vera í samræmi við skipulag. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fram komi með skýrum hætti í skipulagstillögunni hvar leyfilegt sé að vera með starfsemi sem er starfsleyfisskyld hjá Umhverfisstofnun, eða heilbrigðisnefnd, til að hægt sé að meta hvort starfsemin samræmist skipulagi, skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Fiskeldi og frístundabyggð

Umhverfisstofnun hvetur sveitarfélagið til að huga að hvort það samrýmist að hafa fiskeldi í nágrenni frístundabyggðar. Umhverfisstofnun bendir á að helstu mengunarvaldar fiskeldis eru næringarefni í frárennslis, en auk þess sækir fugl stundum í fráveitu og annan úrgang frá fiskeldi sem gæti valdið ónæði. Með því að fjarlægja efnið úr frárennslisvatni með tromlusíu er hægt að lágmarka það að einhverju leyti. Einnig bendir stofnunin á að sé áætlun rekstraraðila fiskeldisins að nýta fastefni úr tromlusíum

¹ [https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Mengandi-starfsemi/Lei%
c3%b0beiningaskjal fraveitu og fastefnismedhondlun 2020.pdf](https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Mengandi-starfsemi/Lei%c3%b0beiningaskjal%20fraveitu%20og%20fastefnismedhondlun%202020.pdf)



og/eða settjörn til áburðar á landi Ásmundaness, sbr. upplýsingar í starfsleyfisumsókn, geti einnig orðið af því óþægindi fyrir þá sem í frístundabyggðinni eru vegna lyktar.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Hulda Soffía Jónsdóttir
sérfræðingur